



## Val á Topolino 2017

SKÍ hefur ákveðið að á keppnistímabilinu 2017 verði sendir þrjú árgangar 2003 (U14), 2002 og 2001 (U16) á Topolino mótið á Ítalíu. Samkvæmt reglum mótsins er heimilt skrá til leiks að hámarki 6 keppendur í U16 og 4 keppendur að hámarki í U14. Sendir verða tveir drengir og tvær stúlkur fæddar 2001, einn drengur og ein stúlka fædd 2002 og tveir drengir og tvær stúlkur fædd árið 2003.

Við valið á keppendum fædd 2001 (U16) verður stuðst við bikarkeppni SKÍ, tveir efstu drengir og tvær efstu stúlkur verð valdar til þátttöku á Topolino. Við val á keppendum fædd 2002 (U16) og 2003 (U14) verður stuðst við sömu stigatöflu og er notuð í bikarkeppni SKÍ. Þau mót sem koma til útreiknings eru UMÍ og Andrésar Andarleikarnir, 2xSL og 2xGS og munu þrjú bestu mótin af þessum fjórum gilda, ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir að stigum mun fjórða mótið koma til útreiknings.

Við val í ráshópa gilda eftirfarandi reglur: U16: Þátttakendum skal raðað í ráshópa eftir stöðu bikastiga úr þeim mótum sem farið hafa fram veturinn 2016/2017 þegar lokaskráning fer fram. U14: Þátttakendum skal raðað í ráshópa miðað við úrslit úr þeim mótum sem gefa þátttakendum keppnisrétt á mótinu, þ.e. 2xSL og 2xGS frá UMÍ 2016 og Andrésar Andarleikunum 2016.

|          | stig |
|----------|------|
| 1.sæti   | 100  |
| 2. sæti  | 80   |
| 3.sæti   | 60   |
| 4.sæti   | 50   |
| 5.sæti   | 45   |
| 6.sæti   | 40   |
| 7.sæti   | 36   |
| 8.sæti   | 32   |
| 9. sæti  | 29   |
| 10. sæti | 26   |
| 11.sæti  | 24   |
| 12. sæti | 22   |
| 13. sæti | 20   |
| 14. sæti | 18   |
| 15.sæti  | 16   |

Alpagreinanevnd SKÍ

Samstarfsaðilar Skíðasambands Ísland

